

Grundarfjarðarbær
Bæjarstjóri
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík 3.apríl 2019
UST201903-165/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Grundarfjarðarbær - Deiliskipulag - Skerðingsstaðir

Vísað er til erindis Grundarfjarðarbæjar er barst 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi hótels í landi Skerðingsstaða í Grundarfirði.

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að allt að hundrað herbergi verði í hótelinu og auk þess verði byggð fimm stakstæð gistihús. Áætlað skipulagssvæði er 4,5 ha að stærð.

Staðsetning

Staðsetning svæðisins er undir Skerðingsstaðafjalli á tanga sem gengur út í Lárvaðal. Í lýsingu kemur fram að fornminjar eru fyrir miðju áætlaðs framkvæmdasvæðis og að þær „ýti“ framkvæmdum út að vatnsbakkanum. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Stofnunin bendir á að framkvæmdir skulu vera 50 m frá Lárvaðli. Umhverfisstofnun mælir með að framkvæmdir verði staðsettar 100 m frá fjöru Lárvaðals þar sem fjörunar eru hluti af Verndarsvæði Breiðafjarðar.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að bygging sem er alls 23 m á hæð frá botnplötu mun hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins, og mun verða afar áberandi á takmörkuðum tanga milli Lárvaðals og Þjóðveggar. Einnig bendir stofnunin á að slík húshæð er á við 7 hæða hús.

Náttúruvernd

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að ekki sé um að ræða náttúruverndarsvæði á áætluðu framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun tekur ekki undir það og bendir á að Lárvaðall með fjörum sínum er hluti af friðlýstu svæði Breiðafjarðar, sem hluti af fjörum í innri hluta fjarðarinnar skv. lögum nr. 54/1995. Sjá kort:

https://i0.wp.com/nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/Kort_Breidafjordur.jpg.

Í lögnum kemur fram að umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar. Fráveita er sá þáttur er sérstaklega þarf að áætla svo ekki verði neikvæð umhverfisáhrif á Lárvaðal og fjörur. Þar sem um friðlýstar fjörur er að ræða skal koma í veg fyrir rask á fjörunni og á 50 m svæði upp af fjörunni. Stofnunin mælir með að 100 m svæði frá fjörum verði ekki raskað.

Fráveita

Í drögum að tillögu að nýju aðalskipulagi Grunarfjarðar kemur fram að áætlað er hótél á ofangreindum tanga við Lárvaðal. Í drögnum kemur ekki fram áætluð hæð framkvæmdanna. Í umsögn Umhverfisstofnunar er lögð rík áhersla á að vel verði staðið að allri fráveitu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í áætluðu deiliskipulagi hvernig fráveitu verður háttáð, hvaða hreinsun á fráveitu er áætluð og hvernig koma á í veg fyrir skólpmengun í Lárvaðli og í fjörunni. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Gróðurfar

Skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vistgerðir á tanga þeim sem áætlaðar framkvæmdir eru staðsettar á, starungsmýravist með hátt verndargildi, bugðupuntsvist með hátt verndargildi og síðan er Lárvaðall í flokkinum Strandvötn VI8 og er með hátt verndargildi, og einnig innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Einnig bendir stofnunin á að í lýsingu kemur fram að á svæðinu er votlendi og að það fellur það undir sérstaka vernd laga nr. 60/2013, en skv. 61. gr. þeirra laga er votlendi vistgerð er nýtur sérstakrar verndar sjá neðangreint.

Sérstök vernd

Í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst er að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd

auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Framkvæmdir

Umhverfisstofnun tekur undir það að nýta eigi náttúruleg byggingarefni og að þök verði klædd gróðri. Umhverfisstofnun telur þó að vegna áætlaðrar hæðar framkvæmdanna muni hún stinga mjög í stúf við umhverfið og hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi ofangreindar áætlanir vel, vegna mikilla neikvæðra áhrifa á ásýnd og neikvæð sjónræn áhrif. Einnig bendir stofnunin á að áætlað hótél mun skyggja á ásýnd að Kirkjufelli þegar ferðast er í austur að Grundarfjarðarbæ. Að mati stofnunarinnar mun áætluð framkvæmd um sjö hæða/23 m hátt hótél falla illa að umhverfinu og öðrum byggingum á svæðinu.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Í menningarstefnu stjórnvalda í mannvirkjagerð kemur eftirfarandi fram á bls. 21 í umfjöllun um ósnortið land. „Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggi sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skal huga að náttúrulegri strandlínu“. Að mati Umhverfisstofnunar eru áætlaðar framkvæmdir ólíkar innbyrðis hvað snertir sjálfa hótélbyggingu og smærri hús í nágrenni þess og einnig telur stofnunin að 7 hæða hótél mun ekki falla að staðaranda svæðisins.


Velferð til framtíðar-sjálfbær þróun í íslensku samfélagi

Umhverfisstofnun tekur ekki undir það að ofangreindar áætlanir samrýmist markmiðum ofangreindrar stefnu íslenskra stjórnvalda. Eitt af markmiðum ritsins er að varðveita lykilstærkerfi, og er votlendi eitt af þeim. Stofnunin bendir á að með áætluninni verður votlendi raskað.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða miklar áætlanir á þróngu svæði við Lárvaðal sem er hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar, og þarf að skoða mjög vel umhverfisáhrif áætlunarinnar s.s. áhrif á ásýnd, nálægð við verndaðar fjörur og áhrif á verndargildi þeirra, möguleg neikvæð sjónræn áhrif og áhrif frá fráveitu. Að mati stofnunarinnar mun hæð áætlaðs hótéls ekki falla að umhverfinu og hafa mjög neikvæð sjónræn áhrif og skyggja á ásýnd Kirkjufells frá þjóðveginum.

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætluð framkvæmd er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur